

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir

Ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Skúlagata 4

101 Reykjavík

19.03.2020

Erindi: Tillögur um aðgerðir til stuðnings ferðaþjónustunni vegna COVID-19 heimsfaraldurs

Ferðaþjónusta hefur verið sú atvinnugrein sem hefur undanfarin ár leitt byggðapróun á landsbyggðinni og stuðlað að eflingu byggða allt í kringum landið. Hún hefur ýtt undir jákvæða ímynd svæða og veitt vörubrún og nýsköpun byr undir báða vængi. Þetta áfall sem gengur yfir núna vegna heimsfaraldurs COVID-19 er því mikið högg á þau verkefni sem unnin hafa verið og þá fjárfestingu sem bæði fyrirtæki, stöðkerfið og hið opinbera hefur farið í á undanförunum árum. Því er mikilvægt að leita leiða til að styðja við atvinnugreinina með öllum ráðum svo hún komist í gegnum þetta tímabil og geti komist hratt og örugglega í gang aftur þegar faraldurinn gengur yfir. Auk þess er mikilvægt að nýta tímann til að vinna að uppbyggjandi verkefnum sem efla ferðaþjónustu til framtíðar.

Markaðsstofur landshlutanna leggja hér fram tillögur um aðgerðir. Teljum við að stjórnvöld verði að líta til fjölþættra en samverkandi þátta til að mæta vandanum á sem breiðustum grunni. Sé ráðist í verkefnið heildstætt mun það fyrirbyggja að algjört hrun verði í greininni og aðstoða fyrirtækin, sem flest eru lítil og meðalstór, að þrauka meðan ógnin gengur yfir. Mikilvægt er að skipuleggja aðstoðina miðað við forsendur á hverju svæði, þ.e. taka tillit til þess hverjar rekstrarforsendur fyrirtækjanna eru miðað við aðstæður á markaði, aðgengi ferðamanna að svæðunum og hvaða þjónusta þarf að vera til staðar eftir að faraldurinn er genginn yfir. Þá leggjum við áherslu á að grípa þurfi hratt til eftirfarandi aðgerða þar sem mörg fyrirtæki munu taka ákvörðun á næstu vikum um framhaldið.

Launakostnaður og starfsmannahald

- Aðkoma ríkisins í gegnum Vinnumálastofnun/atvinnuleysissjóð vegna launakostnaðar fyrirtækjanna, sem er einn stærsti kostnaðarliður fyrirtækja. Ljóst er að þann kostnað þurfa fyrirtæki að dekkja eða lækka með einhverjum hætti þannig að ekki komi til uppsagna á næstu vikum.
- Tryggja þarf að stór hluti launakostnaðar sé greiddur í gegnum atvinnuleysisbætur og má horfa til stuðnings við sjávarútveginn sem fordæmi fyrir framkvæmdinni. Gera þarf fyrirtækjum kleift að hafa starfsmenn í hlutastarfi með mótframlagi frá Vinnumálastofnun svo hægt sé að verja störfín og þekkingu innan fyrirtækjanna.
- Gera eigendum lítilla fyrirtækja, sem eru einnig starfsmenn en eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum kleift að sækja um slíkar bætur tímabundið.

Opinber gjöld og fjármál

- Við erum nú á þeim árstíma sem rekstur ferðapjónustufyrirtækja á landsbyggðinni stendur höllustum fæti, á lágönn. Segja má að algjör viðskiptabrestur hafi orðið vegna afbókana og mun þessi fækkun ferðamanna að öllum líkindum standa að minnsta kosti fram á sumar. Því þarf að bregðast hratt við með tímabundnu afnámi tryggingagjalds og niðurfellingu dráttarvaxta af sköttum. Einnig að fresta greiðslum á núverandi kröfum meðan innkoma fyrirtækjana er lítil sem engin vegna ástandsins.
- Einnig þarf að endurskoða reglur um tryggingarfjárhæð vegna ferðaskrifstofuleyfa sem sett var á með nýjum lögum um Ferðamálastofu. Þau gjöld eru mjög íþyngjandi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, sérstaklega þau sem búa við mikla árstíðarsveiflu sem víða er á landsbyggðinni. Einnig þarf að fella niður gjalddöku vegna endurskoðunar á tryggingagjaldinu. Þá er mikilvægt að endurgreiða hluta af því sem inni liggur þar sem forsendur hafa gjörbreyst frá fyrri útreikningum.
- Fella niður gistináttagjald til lengri tíma.
- Bjóða upp á frystingu lána.
- Hvetja banka og aðrar lánastofnanir til að styðja við fyrirtæki vegna lélegrar lausafjárstöðu.
- Hvetja þarf viðskiptaaðila ferðapjónustufyrirtækja með “stærri gjalddaga” til þess að skoða frestun, frystingu eða endurskoðun á þeim fjárhæðum og gjalddögum. Þetta á t.d. við um reikninga orkufyrirtækja, trygginga og fasteignagjalda.
- Stjórnvöld komi með öflugum hætti að kostnaði við endurgreiðslur þjónustu vegna afbókana.
- Veita þarf fyrirtækjum aðstoð við gagnavinnslu og samninga við fjármálastofnanir vegna lausafjárskorts og skuldbreytinga.

Samgöngumál

- Stórauka framkvæmdir í samgöngukerfinu. Horfa þarf til ályktana landshlutasamtaka um forgangsöröðun verkefna.
- Mikilvægt er að horfa til vetrarþjónustu til framtíðar, skilta og merkinga fyrir ferðapjónustuna auk vegabóta og samgöngubóta. Mikilvægt er að allar helstu ferðaleiðir um landið séu ruddar að jafnaði kl. 7-22 alla daga vikunnar, allan veturinn og að merkingar taki einnig mið af þörfum ferðamanna. Aðgengi þarf að vera til allra landshluta jafnt að sumri og vetri, þ.e. ferðamenn verða að komast út á land með góðu móti. Markaðsherferðir duga ekki einar og sér ef ekki er aðgengi að svæðunum.
- Tryggja þarf nauðsynlega innviðauppyggingu á flugvöllum svo hægt sé að nýta flugið til þess að efla samgöngur.
- Bjóða flugfélögunum stuðning við að fljúga til landsins þegar aðstæður leyfa. Þetta getur verið í formi stuðnings við markaðsaðgerðir og átt við fyrir bæði innlend og erlend flugfélög.

Markaðssetning

- Tryggja þarf að stóraukið fjármagn í markaðssetningu landsins erlendis sé með skýrum fókusi á landshlutana og að sú markaðssetning sé lögð til grundvallar í öllum kynningum á Íslandi á erlendum mörkuðum. Gæta þarf þess að fyrirtæki á landsbyggðinni eigi möguleika á að koma að verkefninu.

- Skilgreina þarf ábyrgð og áherslur í markaðssetningu áfangastaðanna innanlands og tryggja að MAS komi að framkvæmdinni. Markaðssetningu innanlands hefur ekki verið sinnt sem skyldi undanfarin ár en skiptir verulegu máli fyrir ferðapjónustu víða um land.

Fjárfesting í ferðamannastöðum

- Auka þarf fjármagn í sjóði til uppbyggingar ferðamannastaða (landsáætlun og framkvæmdasjóð ferðamannastaða)
- Skapa umhverfi fyrir ívilnunarsamninga fyrir uppbyggingu ferðapjónustu á svæðum og í byggðalögum sem standa höllum fæti í byggðapróunarlegu tilliti.

Stoðkerfið

- Efla þarf Markaðsstofur landshlutanna og skilgreina hlutverk þeirra í samskiptum við stjórnvöld sem áfangastaðastofur til að tryggja svæðisbundið stoðkerfi greinarinnar á svæðunum.
- Stuðla þarf að frekari vöruþróun og nýsköpun í ferðapjónustu með eflingu á svæðisbundnum sjóðum, sóknaráætlunum landshlutanna, sem og eflingu á staðbundinni ráðgjöf og námskeiðum til stuðnings vöruþróun og nýsköpun í ferðapjónustu.

Að auki leggjum við áherslu á þétt samtal við ferðapjónustuna á landsbyggðinni varðandi mögulegar aðgerðir til stuðnings greininni en á bakvið Markaðsstofur landshlutanna standa ríflega 800 fyrirtæki og 65 sveitarfélög.

Fyrir hönd Markaðsstofa landshlutanna,

Margrét Björk Björnsdóttir, forstöðumaður
Markaðsstofa Vesturlands

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri
Markaðsstofa Norðurlands

Díana Jóhannsdóttir, sviðsstjóri
Vestfjarðastofa

Dagný Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri
Markaðsstofa Suðurlands

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri
Austurbrú

Þuríður H. Aradóttir Braun, forstöðumaður
Markaðsstofa Reykjaness